Börkur Sigurbjörnsson

# Hvað hugsa ég um þegar ég hugsa um lífið?

örsaga

Urban Volcano

Hvað hugsa ég um þegar ég hugsa um lífið?
Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2017
http://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/3.0/

Myndskreyting: Börkur Sigurbjörnsson

Útgefandi: Urban Volcano

**http://urbanvolcano.net/**

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölritun, hljóðritun eða upplestri í rigningarúða á Lækjartorgi, svo fremi sem vísað er í höfund, efninu ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.



# Hvað hugsa ég um þegar ég hugsa um lífið?

Ég var í heimspekilegu skapi og ákvað að skrifa ritgerð með titlinum *Hvað hugsa ég um þegar ég hugsa um lífið?*

Ég byrjaði á því að takast á við stóru spurninguna. Hvers vegna erum við hér? Hvers vegna er ég hér? Hvers vegna sit ég hér í Austur London og sýp á koffínlausu karamellusojamjólkurkaffi?

Einmitt á því augnabliki gekk Stebbi framhjá borðinu mínu og ég missti andagiftina. Stebbi á geðveikt svalt retró úr frá níunda áratugnum sem þú getur notaði til þess að spila tölvuleiki.

Ég bauð honum að setjast hjá mér. Mig langaði ógeðslega mikið til að spila.

## Um höfundinn

Börkur Sigurbjörnsson er sögumaður með næmt auga fyrir sérstökum sögupersónum, fyndnum samtölum og lifandi umhverfislýsingum. Skrif Barkar flokkast að mestu leyti undir raunsæisstefnu og sögurnar hans eru oftar en ekki byggðar á sönnum atvikum í lífi höfundarins. Þó sögurnar innihaldi fjölmörg sannleikskorn þá eru þau rækilega blönduð skáldskap sem vekur upp forvitni lesandans um það hvar mörkin liggi milli raunveruleika og skáldskapar.

## Bækur

Meðal annars, örsagnasafn (2024)
Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)
52 augnablik, örsagnasafn (2017)
999 Erlendis, smásagnasagn (2012)

## Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson
Urban Volcano